

Hækkun á verðskrá Klifurhússins frá og með 1. janúar 2023

Verðskrá 2023: <https://klifurhusid.is/upplýsingar/verðskra-2023/>

1. janúar næstkomandi mun verðskrá Klifurhússins hækka umfram það sem hefur tíðkast í gegnum árin. Forsendur þess eru að hún hefur yfir margra ára tímabil ekki verið í takti við launa- og rekstrargjöld héraendis en árið 2020 kostaði árskort í Klifurhúsinu meira en 50% minna en hjá öðrum heilsuræktarstöðvum og hafði staðið í stað í þrjú ár. Launakostnaður hefur hækkað undanfarnin ár, meðal annars vegna breytinga á launafyrirkomulagi (jafnaðarkaup tekið út í skrefum árið 2022 og í staðinn komið á álagsbundnu tímakaupi) og kjarabundinna hækkana milli ára. Það er fyrirséð að launakostnaður muni halda áfram að vaxa þar sem þörf er á fleira starfsfólki til að viðhalda núverandi þjónustustigi og vegna kjarabundinna launahækkana.

Við sjáum líka fram á aukinn kostnað við að sinna aðstöðunni í Ármúla 23 (Á23) með fullnægjandi hætti, þá með bættum búnaði, viðhaldi og viðgerðum (t.d. með því að fá pípara til að setja upp hitablásara inni í sal en það ættu flestir að hafa fundið fyrir því undanfarna daga hversu kaldur salurinn er á veturna og þá sérstaklega fyrripart dags áður en það fyllist allt af fólki). Áður hefur þessi vinna verið unnin að miklu leiti í sjálfboðavinnu en með stækkandi félagi og auknu vinnuálagi er þörf á að greiða fyrir meirihluta viðhalds, bætingu á búnaði og viðgerðum þar sem sjálfboðavinna lendir oftast á sama samviskusama hópnum og er lýjandi til lengdar. Einnig er ekki hægt að setja þá kröfu á sjálfboðaliða að þeir vinni yfir ákveðnu starfshlutfalli við að sinna viðhaldsþörf Klifurhússins í Á23 og sum verk eru einfaldlega þess sinnis að þörf væri á þeirri kröfu til að sinna þeim.

Nokkrar breytingar verða á þjónustu og starfsemi félagsins á komandi ári til að stuðla að bættri aðstöðu og starfsumhverfi. Þess má til gamans geta að vinna við sumar af þeim er nú þegar hafinn. Helst má nefna að nú munu árskort félagsins fela í sér aðgang að Klifurhúsinu í Á23, klifursalnum í Ármúla 21 (Á21 - sem er verið að smíða í þessum orðum) og síðan veggnum í Miðgarði. Árskort sem gildir eingöngu í Miðgarð mun annars kosta 41.000 kr. og mun Klifurhúsið sjá um rekstur veggjarins fyrir hönd Garðabæjar. Síðan er á leið til landsins stærsta gripapöntun sem félagið hefur fjárfest í en gripin sem um ræðir eru úr hæsta gæðaflokki og munu nýtast félaginu og iðkendum þess einstaklega vel – en þau koma til landsins í janúar-febrúar 2023. Það verður góð viðbót í safnið þegar þessi grip eru komin en með tilkomu Á21 mun

aðstaðan til grjótblímu á höfuðborgarsvæðinu umbyltast. Stór hluti af skipulögðu æfingastarfi félagsins mun flytjast yfir í æfingasalinn í Á21 en sú aðstaða mun skiptast í fjölskyldusal og æfingasal með herbergjum í kjallaranum fyrir upphitanir, jógatíma, primal æfingar, teygjur og fleira. Klifrara með reynslu sem eru í kringum V4 getustigið og upp úr munu finna leiðir fyrir sig í æfingasalnum í Á21 en meira rúm mun í kjölfarið skapast í Á23 fyrir það sem kallast erlendis „commerical setting“ og verður sú aðstaða þar af leiðandi byrjendavænni og betri fyrir sjálfstæða klifrara utan skipulagðs æfingastarfs.

Önnur breyting sem ber að nefna er leiðasmíðin en undanfarin tvö ár hefur félagið markvisst unnið að því að mynda og þjálfa upp 4-5 manna (& kvenna) leiðasmíðateymi sem vinnur með skipulögðum hætti í salnum og tryggir þannig þarfir hins gríðarlega breiða hóps klifrara sem stundar nú klifur í Klifurhúsinu. Þess má til gamans geta að á síðustu 6 mánuðum hafa verið teknar niður og settar upp yfir 600 leiðir í Á23 en samkvæmt skjalinu sem heldur utan um leiðirnar í salnum eru á hverjum tíma allt frá 120 til 150 leiðir á veggjunum og leiðasmíðateymi KH heldur utan um það með skipulögðum hætti hversu margar leiðir í hverju erfiðleikastigi fyrir sig eru í salnum á hverjum tíma. Tvo fasta daga í viku vinna þau síðan hörðum höndum að því að taka niður leiðir, þrifa gripin og setja upp nýjar leiðir til að tryggja að það séu sífellt ný og krefjandi verkefni í salnum. Fyrirfram ákveðna skipulagið sem teymið vinnur eftir miðar við að mæta þörfum allra hópa félagsins en þetta er sama fyrirkomulag og tíðkast erlendis í stærri og vandaðri klifuríþróttahúsum. Skipulagið í kringum leiðasmíðina (og leiðasmíðateymið) er í sjálfu sér mikil breyting fyrir starfsemi félagsins og er í stöðugri þróun en til dæmis má nefna að fyrir fjórum árum heyrði það til undantekninga að nýjar leiðir voru settar upp yfir sumartímabilið eða frá maí til ágúst. Þá var ekki einu sinni talin það mikil þörf á leiðasmíði yfir sumarið því langtum flestir klifrara héraðs voru eingöngu að klifra inni yfir veturinn til að komast í form fyrir sumar-útiklifrið. Síðan þá hefur sá hópur klifrara sem stundar eingöngu (eða mestmegnis) inniklifur farið ört vaxandi og er sá hópur gott dæmi um hvernig klifursamfélagið hefur vaxið og breyst undanfarin ár, þá bæði héraðs og erlendis. Við erum einstaklega stolt af árangrinum af þessari vinnu sem hefur verið farið í undanfarin ár í að þróa í leiðasmíði í Klifurhúsinu til að mæta þessum breyttu og auknu þörfum og hlökkum mikið til að halda áfram að þróa og bæta leiðasmíðina þar sem hún er eitt það allra mikilvægasta í starfsemi klifursala.

Til að skilja af hverju félagið er á þessum tímamótum þarf að líta til baka þegar félagið var stofnað 13. febrúar 2002 af nokkrum áhugasömum klifurum sem vildu hafa aðstöðu til að æfa sig innanhúss yfir veturinn svo þau yrðu betur undirbúin fyrir sumarklifrið. Þetta upphaf félagsins og hvernig grunnur þess var byggður af sjálfboðaliðum hefur fylgt því síðan en í dag eru í rúmlega 25 starfsmenn í misjöfnum starfshlutföllum starfandi fyrir félagið á hverjum tíma og eru félagsmenn þess orðnir 1504. Klifurhúsið

hefur því á þessum 20 árum þróast úr því að vera opið þegar einhver sem var með lykil mætti á svæðið og tók úr lás í að vera íþróttafélag og líkamsræktarstöð fyrir fullorðna sem er með starfsemi allan ársins hring frá kl. 9:00/10:00 á morgnanna til kl. 20:00/22:00 á kvöldin. Þessari þróun hafa fylgt ákveðnir vaxtaverkir og breytingar sem hafa þurft að eiga sér stað, t.d. fjölgun starfsmanna, meira skipulag í leiðasmíði og almennri starfsemi og breytingar á aðstöðu til að mæta þörfum mun breiðari hóps klifrara. Það er í heildina litið mjög jákvætt að sjá hversu mikið klifursamfélagið í kringum Klifurhúsið hefur vaxið og þróast á þessum 20 árum og vonumst við til að veggurinn í Miðgarði og nýja aðstaðan í Á21 munu gefa okkur ennþá betri tækifæri til að vaxa og dafna á komandi árum. Einnig vonum við að plönin með Toppstöðina í Elliðaárdal gangi eftir og að á næstu 4-5 árum verði hægt að flytja alla starfsemi félagsins í kringum 2000 fermetra miðstöð fyrir klifur.

Í lokin viljum við nefna að ástæðan fyrir þessum skrifum er sú að við sem störfum fyrir félagið, hvort sem það er í stjórn eða sem starfsmenn, erum á þeirri skoðun að þið sem tilheyrið klifursamfélaginu í Klifurhúsinu eigið skilið að fá útskýringu á þessari hækkun ásamt því að við áttum okkur á því að þetta er ákveðin forsendubreyting miðað við fyrri ár. Því teljum við rétt að bjóða þeim sem eru með kort í bundinni áskrift að segja því upp þótt að binditíminn sé ekki liðinn og verður frestur til 31. janúar til að taka ákvörðun um það og senda beiðni um uppsögn á klifurhusid@klifurhusid.is. (Ath. það er aðeins ein manneskja innanhúss eins og stendur sem sér um skráningar og uppsagnir og hún verður í fríi 26. desember til 8. janúar svo það verður gengið frá uppsögnum sem berast á þeim tíma eftir 8. janúar n.k. en allar uppsagnir munu taka gildi frá og með deginum sem uppsögnin berst).

Við þökkum fyrir lesturinn og vonum að þið getið sýnt þessum breytingum á rekstrarstefnu félagsins skilning. Einnig þökkum við fyrir liðið ár og erum gríðarlega spennt fyrir næsta klifurári með ykkur!

Klifurhúsið - Vinalægur staður í hörðum heimi!

Stjórn og starfsmenn Klifurhússins

Reykjavík, 19. desember 2022.